

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1949.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 85 15. desember 1948, um aðstoð til útvegsmanna, er sildveiðar stunduðu sumarið 1948, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 29. júní 1949, nr. 72.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 100 29. desember 1948, um dýrtíðar-ráðstafanir vegna atvinnuveganna, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 2. júlí 1949, nr. 73.

Bráðabirgðalög um togarakaup ríkisins, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins sama dag, nr. 74.

Auglýsing um afnám vegabréfsáritana, undirskrifuð af utanríkisráðherra 10. apríl 1949, nr. 75.

Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Tékkóslóvakíu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 31. maí 1949, nr. 76.

Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Hollands, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 77.

Tilskipun um viðauka við tilskipun nr. 8 11. apríl 1933, um alþjóðlegar sjóferðareglur, sem fylgt skal á íslenskum skipum, undirskrifuð af handhöfum forsetavaldsins 29. júní 1949, nr. 78.

Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Danmerkur, undirskrifuð af utanríkisráðherra 9. júlí 1949, nr. 79.

REGLUGERÐ

80

25. maí

um blöndun undanrennudufts í brauð og aðrar brauðgerðarvörur.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra getur ákveðið með auglýsingu að blanda skuli íslenzku undanrennudufti í öll brauð, sem bökuð eru eingöngu eða aðallega úr hveiti, svo sem heilhveitibrauð, franskbrauð, kringlur, skonrok og tvíbökur. Magn duftsins skal ákveðið og tilgreint í hundraðshlutum af þurrefni brauðs.

2. gr.

Á sama hátt getur landbúnaðarráðherra ákveðið að blanda skuli íslenzku undanrennudufti í kökutegundirnar: jólakaka, sódakaka, vinarbrauð og aðrar þær kökutegundir, sem bakaðar eru úr vinarbrauðsdeigi, enn fremur í allar tegundir af kexi.

Magn duftsins skal ákveðið í hundraðshlutföllum af þurrefni í kökum og kexi.

Rísi ágreiningur út af því, hvort einhver vörutegund sé brauð eða kaka, sker landbúnaðarráðherra úr ágreiningnum.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra ákveður með auglýsingu, hve miklu magni af þurrmjólkurdufti skuli blanda í brauð og kökur, samkvæmt ákvæðum 1. og 2. greinar þessarar reglugerðar. Ráðherra getur einnig með auglýsingu ákveðið nánar um tegundir af brauði, kökum og kexi, sem skylt er að blanda í undanrennudufti, allt eftir því sem henta þykir á hverjum tíma með tilliti til framleiðslu þurrmjólkur og hollustu brauðvara.

4. gr.

Í allt hrökkbrauð, sem bakað er úr rúgi, hveiti eða höfrum, og annað brauð, sem bakað er með svipuðum hætti, skal blanda svo miklu af íslenzku undanrennudufti, að í þurrefni brauðsins séu að minnsta kosti 10% af undanrennudufti.

80

25. maí

Undanrennuduft það, sem notað er í brauð og aðrar brauðgerðarvörur samkvæmt reglugerð þessari, skal fullnægja skilyrðum þeim um samsetningu og hreinleika, sem sett eru í reglugerð nr. 136 frá 19. október 1946, um mjólk og mjólkurvörur.

6. gr.

Eftirlitsmaður sá, sem um getur í 3. tölulið 17. gr. reglugerðar nr. 136 frá 19. október 1946, um mjólk og mjólkurvörur, skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt. Eftirlitsmanni skal jafnan heimilt að taka sýnishorn af brauði eða brauðæfni til rannsóknar. Brauðgerðarmönnum er skylt að veita eftirlitsmanni allar þær upplýsingar um framleiðsluna, sem hann óskar og starf hans varðar, og skal honum jafnan heimilt að athuga viðskiptabækur brauðgerðarhúsa.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 100 til 5000 króna, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 22 13. janúar 1938, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum, og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk.

Reglugerðin öðlast gildi 1. júní 1949.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. maí 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

81

1. júní

REGLUGERÐ

fyrir veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar Hestamannafélagsins „Fákur“ í Reykjavík.

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í 5 kr., 10 kr., 25 kr. og 50 kr., sem greiðast veðmálastofnuninni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um, hver hestur verði hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum hvers hlaups skal skipt þannig:

- a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, sem veðjað hefur verið á þann hest, sem vinnur.
- b. Afganginum (20%) skal varið til reksturs kappreiðanna, til viðhalds og umhöta á skeiðvelli félagsins og til reiðveggar Reykvíkinga. Má tillag til reiðveggarins aldrei nema minna en 10% af hagnaði félagsins af veðmálastarfseminni.

4. gr.

Að loknu hverju hlaupi skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst og vinningar útborgaðir þegar í stað gegn framvísun veðmiða.